



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGÓÐINN

*Meðal efnis í þessum Flórgóða:*

- Pistill skólastjóra
- Endurbætt agaverli
- Jötunheimar háttvísasti bekkurinn
- Ljóð frá nemendum
- Leiksýningar
- Matur í gíró
- Skáklúbbur

## Ákvarðanir !! Dagleg kraftaverk

*Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn*

Æði oft veltir maður því fyrir sér hvernig bregðast eigi við þegar nemendur fara ekki að settum reglum. Hvað býr eiginlega að baki hjá nemendum og meta starfsmenn skólans ekki örugglega stöðuna rétt í hvert skipti?

Einhver stærsti kostur hvers skólastarfsmanns er hæfileiki viðkomandi til að stýra hegðun nemenda skólans, með þeim hætti að þeir eigi auðveldar með að afla sér þekkingar. Ef við náum að efla einbeitingu, sjálfsaga, fá nemendur til að haga sér með viðeigandi hætti—náum við frekar að kveikja hjá þeim þann neista sem þarf til að ná árangri í námi.

Sem betur fer búa margir starfsmenn í Áslandsskóla yfir slíkum hæfileikum. Daglega vinna starfsmenn skólans kraftaverk. Þeir þurfa ávallt að vera viðbúnir því að hið óvænta gerist og vera tilbúnir að bregðast við á réttan hátt og þá er óheppilegt að mistakast!!

Það eru raunar ekki til neinar kennsluleiðbeiningar sem hægt er að fletta upp í, þar sem fólki er sagt hvernig eigi að bregðast við, hvað á að segja, hvernig á að segja það. En með aukinni reynslu lærum við að bregðast við “algengum” atvikum sem upp koma í skólalífinu, hvernig við leysum úr aðstæðum, jafnvel þó svo að við séum kannski ekki alltaf jafn vel upplögð frá degi til dags.

Ákvarðanir sem teknar eru á hverjum degi í skólanum móta það andrúmsloft sem við viljum skapa í kennslustofum, á göngum og í skólanum í heild. Þessar ákvarðanir, teknar af starfsfólki skólans, byggja á því regluhverfi sem við höfum sett okkur í Áslandsskóla. Regluhverfi sem hjálpar okkur öllum, starfsfólki og nemendum, við að bæta líðan okkar, efla námshæfni, starfsumhverfi og námsmöguleika.

Einhverjir kunna að eiga erfiðar með að aðlaga sig að þessum reglum, hefðum og venjum sem skólinn setur sér. Ef svo er, hjálpum við þessum einstaklingum sérstaklega og með dyggri aðstoð og góðu samstarfi við forráðamenn viðkomandi er oftast en ekki hægt að snúa við blaðinu.

### MUNA

*1. mars*

Skipulagsdagur / Öskudagur

*13.-17. mars*

Menningarvika

*16. mars*

Sýningardagur í menningarviku

*29. mars*

Árshátíð unglingsdeildar

*8. apríl*

Páskaleyfi hefst

*19. apríl*

Vetrarfrí

*21. apríl*

Skipulagsdagur

*24. apríl*

Kennsla hefst eftir páskaleyfi

**Í ÁSLANDSSKÓLA ERUM VIÐ STUNDVÍS**

# Endurbætt agafarli

## 1. stigs brot:

### Brot á skólareglu

**Dæmi:** Hlaupa niður stigann  
Með húfu

#### Hvernig er tekið á málum

Starfsmaður leysir málið á staðnum, þ.e.a.s minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli á jákvæðan hátt t.d. við göngum á ganginum.

Fari nemandi eftir fyrirmælum þá er málið úr sögunni (enginn STOPPmiði, ekki talað við umsjónarkennara).

Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum þá verður þetta að 2. stigs broti.

## 2. stigs brot:

### Endurtekið brot á sömu skólareglu

**Dæmi:** Hlaupa niður stigann þrátt fyrir áminningu  
Tekur ekki niður húfuna

#### Hvernig er tekið á málum

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum í hölf umsjónarkennara.

Umsjónarkennari skilar STOPPmiða á skrifstofu. Nemandi látinn vita að hann fékk STOPPmiða sé þess kostur.

#### Mögulegar afleiðingar fyrir nemanda

- Rætt við nemandann á staðnum
- Vísað til umsjónarkennara
- Vísað til skólastjórnenda
- Foreldrar upplýstir
- Nemandi sækir nám í sér yngri bekk
- Foreldri sækir skólavist með nemanda

- Nemandi fær uppbótarverkefni

Ef nemandi hefur fengið **5 STOPPmiða** hefur það þær afleiðingar að hann þarf að vinna uppbótarverkefni/ eða sækja nám í sér yngri bekk/ eða foreldri sækir skólavist með nemanda. Foreldrar skulu ávallt upplýstir um þetta.

Umsjónarkennari velur viðeigandi afleiðingu eftir eðli brotanna og aldri nemandans. Umsjónarkennari heldur utan um það og kemur því til leiðar. Til dæmis: 5 STOPPmiðar vegna tyggjótunnar. Afleiðing gæti verið að hreinsa tyggjó af stétt fyrir framan skóla. Til dæmis: Nemandi fer ekki eftir fyrirmælum í kennslustund, hefur fengið 5 stoppmiða fyrir það. Afleiðing gæti verið að nemandi sækir nám í yngri bekk.

#### Tillögur að uppbótarverkefnum

- Sópa anddyri, gangstétt
- Raða skóm í anddyri
- Hreinsa tyggjó af stéttum
- Matarliði í vikutíma-öll hádegi
- Þrifa borð og stóla í matsal
- Þrifa glugga innan og utan
- Þrifa til í unglinahorninu



## Endurbætt agafarli

### 3. stigs brot:

#### Alvarlegt hegðunarbrot

#### Síendurtekin 2. stigs brot

**Dæmi:** Ókurteisi, dónaskapur, óvirðing við starfsfólk

Ofbeldi

Þjófnaður

Skemmdarverk

Vímuefnanotkun (líka tóbak)

-O.fl.

Hvernig er tekið á málunum

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum beint til umsjónarkennara. Umsjónarkennari upplýsir skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra samdægurs að nemandi sé kominn með

### Mögulegar afleiðingar fyrir nemanda

#### Uppbótaverkefni

- Forréttindamissi: ferð, frímínútur, o.s.frv.
- Hegðunarkerfi heima og í skóla (skólakort – pmt)
- Foreldrum boðin ráðgjöf
- Nemandi sækir nám í sér yngri bekk
- Foreldri sækir skólavist með nemanda
- Annað sem ákveðið verður.

### STOPPmiðatímabil

Á hverju skólaári eru 2 STOPPmiðatímabil. Frá skólabyrjun til 31. janúar og 1. febrúar til skólaslita.

Ef nemandi hefur fengið 8 stoppmiða og tekið hefur verið á málinu samkvæmt agafarli SMT þá byrjar talning stoppmiða upp á nýtt, nema annað sé ákveðið á sameiginlegum fundi er málið varða.

---

## Leiksýningar í boði foreldrafélagsins

Foreldrafélag Áslandsskóla er rausnalegt að venju og býður nemendum til leiksýninga í næsta mánuði.

**Mánudaginn 6. mars kl. 9:00 munu nemendur í 1.-3. bekk fá sýningu sem ber heitið Landið vífra og klukkan 10:00 sama dag verður sama sýning fyrir 4.-6. bekk skólans.**

Sýningin er unnin upp úr barnaljóðum Þórarins Eldjárns. “Hér er um að ræða óvenjulega sýningu þar sem fléttast saman bundið mál, tónlist og leikur. Sýningin var tilnefnd til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, árið 2005 sem barnasýning ársins. Hér gefst tækifæri til að efla málvitund barnanna og hvetja þau til að leika sér með tungumálið, því hluti af leiknum er að fá börnin til að yrkja sjálf og taka þátt í ljóðahappdrætti í lok sýningarinnar.”

**Mánudaginn 13. mars kl. 10:00 fá nemendur í 7.-10. bekk sýningu um Gísla sögu Súrssonar.**

Sýningin er einleikur sem byggir á einni af þekktustu íslendingasögnum, Gísla sögu Súrssonar. “Leikurinn segir af örlögum Gísla Súrssonar og fjölskyldu hans sem taka land í Haukadal í Dýrafirði. Gengur þeim allt í hagin í fyrstu og verða brátt hinir mestu höfðingjar. En skjótt skipast veður í lofti og brátt er farið að fella mann og annan. Þetta endar loks með því að Gísli er útlægur ger. Sýningin um Gísla Súrsson hefur hlotið afbragðsgóða dóma jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda og hefur leikurinn sérstaklega lagst vel í unga fólkið enda er sagan sett fram á aðgengilegan hátt og textinn fluttur á nútímamáli.”

## Jötunheimar háttvísastir

Sameiginleg morgunstund var á sal skólans mánudaginn 20. febrúar. Þá komu allir nemendur og allir starfsmenn saman og fjölluðu um hjálpssemi og jákvæðni. Dagskráin var annars á þessa leið:

### Kveikt á kertunum

Haraldur Ægisheimum  
Tómas Ægisheimum  
Snorri Már Ægisheimum  
Vignir Ægisheimum

**Leikrit:** Óðinsheimar sýndu leikrit

**Tónlistaratriði:** Blokklingarnir spiluðu á flautu.

**Leikrit:** Ljósheimar sýndu leikrit sem tengist dygð þessa mánaðar, HJÁLPSEMI.

**Tónlistaratriði:** Strákaband Dulheima, þeir Brynjar og Bragi fluttu lagið Þúsundþjóða her e. White Stripes

**Ratleikur:** Viðurkenningaskjöl afhent

**Sameiginlegur söngur:** Þorraþráll

**Leikrit:** Stelpur úr Goðaheimum sýndu leikrit um hjálpssemi

Þá var *blái fuglinn* afhentur og að þessu sinni var það 10.-KJM / Jötunheimar sem var viðurkenndur sem háttvísasti bekkur skólans. Til hamingju með það.

## Ljóð frá nemendum í 7. bekk

### Fugl

Ég er fugl,  
fljúgandi í skýjunum, í hlýjindunum.  
Vindurinn blæs í stélinu,  
í stóra élinu.

**Höfundur:** Gylfi Guðjohnsen

### Þrautsegja

Aldrei hætti  
þótt hann mætti.  
Aldrei sest hann niður  
þó að það sé friður.  
Að þegja  
er þrautsegja.

**Höfundur:** Árni Ásbjarnarson

### Virðing

Virðing er mitt fag  
í gær samdi ég lag  
lagið var um virðingu.  
Karlinn flaug yfir girðingu og datt  
ég fór til hans og sýndi  
virðingu.

**Höfundur:** Róbert Ómar Elmarsson



## Matur í gíró

Forráðamenn eru beðnir um að leggja ekki inn á reikning skólans eins og í fyrra innheimtukerfi.

Nú er mataráskriftin innheimt með heimsendum gíróseðlum.

Tímabilin til vors eru tvö:

- 24. febrúar - 4. apríl
- 5. apríl - 31. maí

## SKÁK

Skákkúbbur Áslandsskóla hóf starfsemi sína fimmtudaginn 16. febrúar í aðalandyris k ó l a n s .  
Danski stórmeistarinn Henrik Danielsen mun stýra klúbbnum sem er fyrir nemendur Áslandsskóla í 3.-10. bekk.  
Klúbburinn mun verða starfræktur hvern *fimmtudag frá kl. 13:30-15:00.*

Þá er skólaskákmót Hafnarfjarðar í Strandbergi sunnudaginn 26. febrúar kl.

Í ÁSLANDSSKÓLA HJÁLPUM VIÐ TIL ÞEGAR VIÐ ERUM MATARLIÐAR Í MAT-



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

**www.aslandsskoli.is**

## FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað**  
**Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri